



**BA-ritgerð
í lögfræði**

**Hugtakið gáleysi í skilningi 215. gr. almennra
hegningarlaga nr. 19/1940**

Rakel Birna Þorsteinsdóttir

Leiðbeinandi: Halldór Rósmundur Guðjónsson

Apríl 2016



HÁSKÓLI ÍSLANDS
FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

LAGAÐEILD

**BA-ritgerð
í lögfræði**

**Hugtakið gáleysi í skilningi 215. gr. almennra
hegningarlaga nr. 19/1940**

Rakel Birna Þorsteinsdóttir

Leiðbeinandi: Halldór Rósmundur Guðjónsson

Apríl 2016

EFNISYFIRLIT

1	Inngangur.....	4
2	Hugtakið gáleysi.....	5
2.1	Flokkun gáleysis.....	6
2.1.1	Vitundarmælikvarði.....	6
2.1.1.1	Meðvitað gáleysi.....	7
2.1.1.2	Ómeðvitað gáleysi.....	7
2.1.2	Stigskipting gáleysis.....	8
2.1.2.1	Einfalt gáleysi.....	8
2.1.2.2	Stórfellt gáleysi.....	9
2.2	Mörk gáleysis með hliðsjón af 215. gr. hgl.....	10
2.2.1	Efri mörk gáleysis í 215. gr. hgl.....	10
2.2.2	Neðri mörk gáleysis í 215. gr. hgl.....	11
3	Manndráp af gáleysi í umferðinni.....	12
3.1	Manndráp af gáleysi í dönskum rétti.....	15
3.2	Manndráp af gáleysi í norskum rétti.....	16
4	Niðurstöður.....	18
	Heimildaskrá.....	20
	Dómaskrá.....	21

1 Inngangur

Á árunum 2012–2014 voru 16 mál skráð í málakerfi lögreglunnar sem manndráp af gáleysi. Þar af voru 12 þessara mála manndráp af gáleysi vegna umferðarslysa, en undir það fellur t.d. árekstur, þegar ekið er á gangandi vegfaranda eða ökutæki veltur svo dæmi séu tekin. Fjögur mál eru flokkuð sem „annað”. Undir það falla til dæmis mál þar sem aðili tekur, eða er gefin, of stór skammtur af vímugjöfum eða mál tengd umönnun.¹ Þar sem lang stærsti hluti þessara mála tengist manndrápi af gáleysi í umferðinni verður farið í umfjöllun um þann flokk. Einnig verður ákvæði 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 (hér eftir hgl.) borið saman við sambærileg ákvæði í dönskum og norskum rétti.

Ákvæði 215. gr. hgl. um manndráp af gáleysi hljóðar svo:

Ef mannsbani hlýst af gáleysi annars manns, þá varðar það sektum eða fangelsi allt að 6 árum.

Skilyrði þess að hægt sé að refsa fyrir verknað er að háttsemin hafi verið sagnæm.² Hafa fræðimenn talið að sagnæmisskilyrðin séu tvö, annars vegar ásetningur, sem mælt er fyrir um í 18. gr. hgl., og hins vegar gáleysi, sem kemur fram í 19. gr. hgl. og mælir fyrir um huglæga afstöðu geranda til verknaðarins.³ Verður hér hugtakinu gáleysi veitt nánari athugun. Í því sambandi verður dómaframkvæmd um manndráp af gáleysi skv. 215. gr. hgl. tekin til athugunar og hvaða háttsemi samkvæmt henni falli undir hugtakið gáleysi, þá þannig að það verði refsivert, og hve mikið gáleysið virðist vera.

Verður fyrst skoðað hvað felst í hugtakinu gáleysi með athugun á hver almenn málvenja gæti verið, orðabókaskilgreiningunni, dómaframkvæmd og hvernig fræðimenn hafa skilgreint hugtakið. Til þess að gera okkur betur grein fyrir hugtakinu verður skoðað hvernig gáleysi er flokkað, þ.e. flokkun eftir vitundarmælikvarða og stigskiptingu gáleysis.⁴ Þá verða einnig skoðuð mörkin á milli annars vegar efsta stigs gáleysis og neðsta stigs ásetnings og hinsvegar á milli neðsta stigs gáleysis og svo það sem kallast refsilaust gáleysi eða óhapp.

Einnig verður vikið aðeins að nágrannalöndunum, þ.e. Danmörku og Noregi, og skoðuð sambærileg ákvæði þeirra við 215. gr. hgl. og hvaða kröfur eru gerðar til gáleysis í þeim ákvæðum.

¹ Ríkislögreglustjóri, tölfræði frá 3. mars 2016.

² Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsiaþbyrgð II*, bls. 12.

³ Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsiaþbyrgð II*, bls. 122.

⁴ Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsiaþbyrgð II*, bls. 123.

2 Hugtakið gáleysi

Þar sem gáleysi er ekki skýrt í hgl. liggur beinast við að skoða lögskýringargögnin og athuga hvort skýring sé á hugtakinu í þeim. Hins vegar er það þannig að enga skýringu er heldur að finna í lögskýringargögnum, hvorki þeim frá 1939⁵ né í lögskýringargögnum með sérstöku hegningarlögnum sem Ísland fékk frá Danmörku árið 1869.⁶ Hefur það því fallið í hlut fræðimanna að skilgreina hugtakið gáleysi. Fyrst verður þó að athuga hvað felst í gáleysi samkvæmt almennri málvenju.

Ef almenningur yrði spurður hvað gáleysi væri, myndu svörin líklegast vera á þá leið að það væri þegar þú gerðir eitthvað slæmt, óvart án þess að hugsa um það. Hins vegar er það nú þannig að eftir því sem fleiri yrðu spurðir, þá yrðu svörin einnig jafn mörg og fjölbreytt og einstaklingarnir. Í *Íslenzku orðabókinni* segir að gáleysi sé það að vera hirðu laus eða eftirtektarlaus.⁷ Í *Stóru orðabókinni um íslenska málnotkun* kemur síðan fram nánari skýring á hugtakinu og segir að það sé m.a. að sýna aðgæsluleysi, sýna andvaraleysi og ana út í ófæru svo dæmi séu tekin.⁸ Athugun á þessum tveim orðabókaskýringum gefur okkur aðeins skýrari mynd um það hvað teljist gáleysi.

Oft er gott að líta til dóma til að sjá hvaða merkingu hugtökum er gefin í framkvæmd. Í *Hérd. Suðl. 20. mars 2013 (S-280/2012)* kom fram:

Samkvæmt öllu framangreindu þykir ákærða með greindri háttsemi ekki hafa sýnt nægilega aðgæslu og þá sérstöku tillitsemi sem henni bar að sýna ungu barni í umferðinni.

Þarna vísar héraðsdómur greinilega til *bonus pater* mælikvarðans með því að bera saman háttsemi ákærðu við það hvernig ákærða hefði átt að haga sér og kemst með því að þeirri niðurstöðu að ákærða hafi sýnt af sér gáleysi í umrætt sinn. Einnig skal athugað orðalag Hæstaréttar í *Hrd. 3. apríl 2003 (168/2002)* þar sem barnfóstra var ákærð fyrir að hrista barn svo duglega að það leiddi til dauða þess:

Meðferð hans á barninu hefur verið slík, að hann mátti gera sér grein fyrir þeim hættulegu afleiðingum, sem henni gætu verið samfara. Sýndi hann með þessu af sér stórfellt gáleysi.

Af þessum tveimur dómum, annars vegar héraðsdómi og hins vegar hæstaréttardómi má sjá að við ákvörðun á gáleysi virðist oftast en ekki vera notaður *bonus pater* mælikvarðinn, þ.e. metið hvernig ákærði hefði átt að hegða sér eða þá að ákærði hefði mátt gera sér grein fyrir

⁵ Alþt. 1939-40, A-deild, bls. 357.

⁶ Alþt. 1869, síðari partur, bls. 54.

⁷ *Íslensk orðabók*, bls. 170.

⁸ *Stóra íslenska orðabókin um málnotkun*, bls. 266.

hættunni, sem leitt gæti af háttsemi hans, sem gegn og skynsamur maður/kona. Einnig er áhugavert að í fyrrnefndum hæstaréttardómi tekur Hæstiréttur fram að með háttseminni hafi ákærði sýnt af sér stórfellt gáleysi. Líkt og komið hefur fram þá gerir ákvæði 215. gr. hgl. ekki kröfu um að gáleysið sé stórfellt heldur er einfalt gáleysi talið duga. Þessi athugasemd Hæstaréttar hefur því aðeins þýðingu við ákvörðun refsingar.

Einn helsti fræðimaður á sviði íslensks refsiréttar, Jónatan Þórmundsson, hefur skilgreint gáleysi í bók sinni *Afbrot og refsíabyrgð II*. Nánar tiltekið er skilgreining hans þessi:

„Það er gáleysi, ef hinn brotlegi *álitur* eða hefur *hugboð* um, að refsináem afleiðing verknaðar *kunni að koma fram* (tjónsbrot), eða hann hefur hugboð um, að aðrir refsináemir þættir verknaðarlýsingar *kunni að vera til staðar* (samhverft brot), en hann vinnur verkið *í trausti þess*, að afleiðingin komi ekki fram eða að hugboðið reynist ekki rétt. Enn fremur er það gáleysi, ef hinn brotlegi, sem gegn og skynsamur maður, *hefði átt að gera sér grein fyrir* nefndum aðstæðum og bregðast við í samræmi við þær, en hann hefur hins vegar ekki gætt þeirrar varkárni, sem af honum mátti ætlast.“⁹

Skilgreining Jónatans Þórmundssonar gefur afar góða sýn á hvernig meta skuli gáleysi og hvað sé refsivert gáleysi. Því er afar gott að hafa skilgreininguna og styðjast við hana þegar athugað er hvort háttsemi teljist gáleysi í skilningi 215. gr. hgl. um manndráp af gáleysi.

2.1 Flokkun gáleysis

Flokkun gáleysis eins og Jónatan Þórmundsson hefur sett hana fram skiptist að meginstefnu í tvo flokka. Annars vegar vitundarmælikvarða, sem greinist enn frekar niður í meðvitað og ómeðvitað gáleysi, og hins vegar er um stigskiptingu gáleysis að ræða, en þar er um að ræða neðra stigið sem er einfalt gáleysi og svo efra stigið sem kennt er við stórkostlegt eða stórfellt gáleysi. Verður nú gerð betur grein fyrir hvoru tveggja.

2.1.1 Vitundarmælikvarði

Skilgreining Jónatans sem vikið var að hér áður gerir ráð fyrir tvenns konar gáleysi á grundvelli vitundarmælikvarða, annars vegar ómeðvituðu gáleysi og hins vegar meðvituðu gáleysi. Oftast er það þannig að ákvæði sem heimila að refsa megi fyrir gáleysi taki yfir bæði meðvitað og ómeðvitað gáleysi, en þó eru dæmi um hið gagnstæða.¹⁰

⁹ Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð II*, bls. 123.

¹⁰ Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð II*, bls. 126.

2.1.1.1 Meðvitað gáleysi

Meðvitað gáleysi er það þegar gerandi hefur hugboð eða grun um það að ákveðin afleiðing geti hlotist af háttsemi eða verki hans. Dæmi um meðvitað gáleysi er bílstjóri sem keyrir of hratt og glannalega í umferðinni til að vera mættur stundvíslega á tiltekinn stað, en er samt með hjartað í buxunum vegna þess að hann veit að hraðakstur hans getur endað illa, gerist sekur um meðvitað gáleysi.¹¹ Dæmi um meðvitað stórkostlegt gáleysi er í *Hrd. 20. febrúar 2014 (625/2013)*:

Þar var G sakfelldur fyrir manndráp af gáleysi og umferðarlagabrot með því að hafa ekið vörubifreið með vagn sem hentaði ekki þeim flutningum sem hann var notaður í í umrætt sinn sem og að dekkinn voru mismunandi stór og með mismunandi loftþrýstingi, einnig að of mikil þyngd var á vagninum sem leiddi til þess að vagninn leitaði of mikið yfir á öfugan vegarhelming. Var litið til þess að G væri atvinnubílstjóri og hann hefði átt að vita af því að þessi atriði voru ekki í lagi og það hafi ekki síst verið á hans ábyrgð að dekk og hleðsla væru rétt. Einnig var talið að vagninn hafi ekki hentað til að bera umræddan farm og hafi G vitað það. Því var talið að gáleysi G hafi að þessu leyti orðið til þess að slysið varð með þeim afleiðingum sem af því hlaut.

Í 152. gr. hgl. er áskilið að gáleysið sé meðvitað. Er þetta ákvæði svokölluð undantekning þar sem ekki er algennt að þess sé krafist að gáleysið sé meðvitað.¹²

2.1.1.2 Ómeðvitað gáleysi

Algengara er að ómeðvitað gáleysi sé nægilegt sem refsiskilyrði. Þá er fremur stuðst við *bonus pater* mælikvarðann en líkt og að framan greinir þá gengur sá mælikvarði út á það að viðkomandi hefði sem gegn og skynsamur maður átt að gera sér grein fyrir þeirri hættu sem var, sýna aðgæslu og bregðast við hættunni.¹³

Gáleysisábyrgð styðst að þessu leyti við ólögmaelta vísireglu, þ.e. réttarreglu, sem skírskotar til almenns eða sérstaks mælikvarða á hegðun fólks við ákveðnar aðstæður eða á tilteknu athafnasviði.¹⁴

Nær þetta ómeðvitaða gáleysi yfir mjög breytt svið og er margt sem getur fallið þar undir.¹⁵ Erfitt getur verið að sanna hvað fór í gegnum huga ákærða þegar verknaðurinn var framinn. Ákærði gæti til dæmis sagt frá huglægu ástandi sínu þannig að það félli betur að ómeðvituðu gáleysi í von um að refsing hans yrði lægri, þó svo að sannleikurinn sé sá að

¹¹ Johs. Andenæs: *Alminnelig strafferett*, bls. 222.

¹² Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíábyrgð II*, bls. 126.

¹³ Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíábyrgð II*, bls. 127.

¹⁴ Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíábyrgð II*, bls. 123.

¹⁵ Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíábyrgð II*, bls. 127.

gáleysi hans var í raun nær því að vera meðvitað gáleysi. Þar sem ekki er hægt að skyggast inn í huga ákærða til að meta hvort gáleysið hafi verið meðvitað eða ómeðvitað, þá miðast matið frekar við hlutlæg atriði sbr. *Hrd. 5. júní 2008 (522/2007)* þar sem eftir mat á slysstaðnum taldi dómurinn að um meðvitað gáleysi ákærða hafi verið að ræða í umrætt sinn. Verður farið ítarlegar í dóminn hér síðar.

2.1.2 Stigskipting gáleysis

Stig gáleysis eru tvö, hið neðra er einfalt gáleysi (öðru nafni venjulegt gáleysi) og hið efra er stórfellt gáleysi. Skipting þessi hefur litla þýðingu í framkvæmd við annað en mat á ákvörðun refsingar.¹⁶ Flest ákvæði krefjast ekki að gáleysi sé stórfellt, en þar sem þess er krafist er nauðsynlegt að geta greint á milli þess hvað sé einfalt gáleysi og hvenær um er að ræða stórfellt gáleysi.¹⁷ Í sumum tilvikum getur meðvitað gáleysi verið vísbending um að gáleysi sé stórfellt, en það er þó ekki algilt og ber að varast að taka því sem gefnu. Einnig geta hlutlæg atriði verknaðarins, eins og t.d. hvernig vegur liggur, hvort að slæmt skyggni sé á tilteknum stað o.s.frv., gefið vísbendingar um stig gáleysisins. Niðurstaðan virðist vera sú að ekkert eitt atriði greinir á milli einfalds gáleysis og stórfellds gáleysis heldur verður að fara fram heildarmat í hverju máli fyrir sig.¹⁸ Verður hér farið nánar í einfalt gáleysi annars vegar og hins vegar stórfellt gáleysi.

2.1.2.1 Einfalt gáleysi

Því hefur verið haldið fram að dómstólar ættu að gera auknar kröfur til gáleysis, það er að áskilja stórfellt gáleysi í tilteknum málaflokkum svo að ekki komi til sakfellingar ef gáleysið er einungis einfalt. Þó svo að það sé ekki áskilið í lögum, hefur 215. gr. hgl. sérstaklega verið nefnd af þessu tilefni.¹⁹ Þó bendir réttarframkvæmdin ekki til þess að gerðar séu kröfur um að gáleysið sé stórfellt heldur hefur einfalt gáleysi verið talið nægja, sbr. *Hérd. Vestl. 27. mars 2008 (S-443/2007)*. Þar voru málavextir þeir að ákærði ók hópbifreið inn á gatnamót, og þar með inn á hluta vegarhlmings fyrir umferð úr gagnstæðri átt, í veg fyrir bifhjól, með þeim afleiðingum að ökumaður bifhjólsinst lést. Þegar gáleysi ákærða var metið tók héraðsdómur eftirfarandi fram:

¹⁶ Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíábyrgð II*, bls. 127.

¹⁷ Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíábyrgð II*, bls. 127.

¹⁸ Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíábyrgð II*, bls. 127.

¹⁹ Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíábyrgð II*, bls. 128.

Með hliðsjón af því hvernig slysið bar að samkvæmt framburði vitna eru engin efni til að vefengja þá frásögn ákærða að hann hafi verið blindaður af sterkri kvöldsól og í raun aldrei séð mótorhjól koma akandi til austurs eftir Akrafjallsvegi. [...] Þar sem aðstæður voru með þessu móti erfiðar bar ákærða að sýna ýtrustu varúð og fullvissa sig um að hann æki ekki í veg fyrir umferð úr gagnstæðri átt sem hafði forgang á veginum. Með því að ganga ekki úr skugga um þetta sýndi ákærði ekki þá aðgæslu sem honum bar við aksturinn.

Það sést einnig á refsingunni að dómurinn hefur metið gáleysið sem einfalt gáleysi þar sem ákærða var gert að greiða 150.000 króna sekt til ríkissjóðs með því skilyrði að ef sektin yrði ekki greidd innan tiltekins frests, þá kæmi 12 daga fangelsisvist í stað sektarinnar.

Það sem mælir með því að einfalt gáleysi dugi til að dæma fyrir 215. gr. hgl. er að í ákvæðinu kemur fram að refsing geti varðað fésektum. Hefur það verið talið benda til þess að gáleysisstig ákvæðisins sé fremur lágt.²⁰

2.1.2.2 Stórfellt gáleysi

Þó svo að 215. gr. hgl. áskilji ekki stórfellt gáleysi, líkt og komið hefur fram, þá er samt sem áður oft tekið fram í dómum að gáleysi hafi verið stórfellt sbr. *Hrd. 3. apríl 2003 (168/2002)*:

Var ákærða gefið að sök að hafa hrist barn svo harkalega eða með öðrum hætti orðið valdur að því að barnið hlyti svo margþætta og alvarlega áverka sem leiddu til dauða þess tveim dögum síðar. Þótti enginn vafi leika á því að barnið hafi misst meðvitund um leið og það varð fyrir svokölluðum „Shaken Baby Syndrome“ áverkum. Var sannað að enginn annar en ákærði var á staðnum þegar barnið missti meðvitund og því ekki mögulegt að annar aðili hefði getað veitt barninu þessa áverka. Var talið að meðferð ákærða á barninu hafi verið slík að hann hefði mátt gera sér grein fyrir þeim afleiðingum sem hún gæti haft í för með sér, sérstaklega þar sem ákærði var barnfóstra barnsins og því hefði ákærði sýnt af sér stórfellt gáleysi. Var ákærði sakfelldur fyrir brot gegn 215. gr. hgl.

Annað dæmi um meðvitað stórfellt gáleysi er að finna í *Hrd. 5. júní 2008 (522/2007)* en þar tók Hæstiréttur eftirfarandi fram við gáleysismatið:

Þeim sem kemur úr suðri og ætlar að beygja til vinstri inn Þórunnarstræti má vera fullljóst að það verður ekki gert fyrr en umferð á móti er komin framhjá, ella sé augljós hættu á ferðum. Engin hindrun var á veginum, skyggni gott og ekki verður séð að neitt hafi truflað Eirík í akstrinum. Við þessar aðstæður mátti Eiríki vera ljóst að það að beygja og aka af stað í veg fyrir umferð sem á móti kom, án þess að gæta að þeirri umferð, fæli í sér stórkostlega hættu. Hann gætti þess ekki og verður ástæða árekstursins eingöngu rakin til þessa aksturslags hans. Hann telst því hafa gerst sekur um alvarlegt brot á umferðarreglum og verða ástæður slyssins eingöngu raktar til stórfellds gáleysis hans.

Þegar tekið er fram í dómum, líkt og tveim fyrrnefndum dómum, að ákærði hafi sýnt af sér stórfellt gáleysi, þá hefur það einungis áhrif við ákvörðun refsingar þar sem að 215. gr.

²⁰ Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsiaþbyrgð II*, bls. 130.

hgl. áskilur ekki stórfellt gáleysi. Þrátt fyrir að flest ákvæði geri ekki kröfu um að gáleysi sé stórfellt þá eru nokkur ákvæði sem takmarka refsíabyrgð við það að gáleysi þurfi að teljast stórfellt, sbr. 144. gr., 262. gr., og 263. gr. hgl.²¹ Það er þó ekki áskilið í 215. gr. hgl. sem er til umfjöllunar hér.

2.2 Mörk gáleysis með hliðsjón af 215. gr. hgl.

Velta þarf fyrir sér hvenær gáleysið er orðið svo mikið í skilningi 215. gr. hgl. að það teljist ekki lengur vera gáleysi, eins og það er skilgreint, heldur er nær því að vera lægsta stig ásetnings, hið svokallaða *dolus eventualis*. Einnig á hinn endann, hvenær gáleysið er orðið svo lágt að nær væri að álykta að um væri að ræða óhapp eða svo lágt gáleysi að það sé ekki refsivert.

2.2.1 Efri mörk gáleysis í 215. gr. hgl.

Talið hefur verið að lágt vitundarstig, eins og t.d. grunur eða hugboð geranda um hugsanlega refsinaeman verknað, geti bæði verið heimfært undir lægsta stig ásetnings, sem og efsta stig gáleysis, sem er líkt og komið hefur fram, meðvitað gáleysi.²²

Það sem talið hefur verið í fræðum að greini helst á milli lægsta stigs ásetnings, *dolus eventualis*, og meðvitaðs gáleysis eru sérstök viðbótarskilyrði sem fylgja vitundarstigi geranda þegar um *dolus eventualis* er að ræða.²³ *Dolus eventualis* flokkast í tvennt. Fyrri viðbótarskilyrðið er svokallaður skilyrtur ásetningur²⁴ sem hefur það viðbótarskilyrði að:

[...] gerandi hefði engu að síður framið tiltekinn verknað, þótt hann hefði talið víst, að afleiðing hans kæmi fram [...]²⁵

Besta dæmið er *Hrd. 1973, bls. 912* þar sem ákært var fyrir margs konar brot. Eitt ákæruatriðanna var talið varða við 211. gr., sbr. 20. gr. hgl., eða nánar tiltekið tilraun til manndráps. Í dómi Hæstaréttar varðandi ásetninginn kemur fram:

Þegar virt er allt atferli ákærða, áður en hann hóf skothríðina, svo og háttsemi hans þar næst á eftir, verður að telja, að það hefði eigi aftrað honum í að skjóta, þótt honum hefði verið ljóst, að skothríðin drægi til líftjóns.

²¹ Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð II*, bls. 125.

²² Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð II*, bls. 131.

²³ Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð II*, bls. 131.

²⁴ Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð II*, bls. 80.

²⁵ Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð II*, bls. 80.

Sem sagt ef ákærði hefði vitað að manneskja stæði fyrir innan hurðina þá hefði hann samt sem áður skotið á hurðina þó svo að hann vissi að ef hann mundi hæfa manneskjuna sem stæði fyrir innan og drepa hana. Síðara viðbótarskilyrði *dolus eventualis* er svokölluð jákvæð afstaða til afbrots.²⁶ Í því viðbótarskilyrði felst að:

[...] gerandi, sem hefur a.m.k. grun eða hugboð um tiltekna refsinaema afleiðingu verknaðar síns eða tilvist ákveðinna aðstæðna, lætur sér í léttu rúmi liggja, hvort afleiðingin kemur fram eða aðstæðurnar eru fyrir hendi.²⁷

Þetta ásetningsstig er svo nálægt meðvituðu gáleysi að það getur verið örðugt að greina á milli þegar aðeins eru lesnar skilgreiningarnar. Dæmi um þetta skilyrði er þegar ökumaður keyrir glannalega en vonar að afleiðing verknaðar hans komi ekki fram. Það sem færir þennan verknað upp í að vera jákvæð afstaða til afbrots frá meðvituðu gáleysi er að geranda er svo mikið í mun að framkvæma verknaðinn að hann hunsar þá viðvörunarbjöllu að afleiðingin kunni að koma fram.²⁸

Einnig ber að nefna danskan dóm, *UfR 1918, bls. 946 H* þar sem ákærða var gefið að sök að hafa af ásetningi valdið eldsvoða þegar hann henti frá sér logandi eldspýtu í spæni og sagði: „Ske hvad der vil!” Sannaði vitnisburður ákærða að honum var það ljóst að húsið gæti brunnið til kaldra kola, sem og það gerði.

2.2.2 Neðri mörk gáleysis í 215. gr. hgl.

Fræðimenn hafa talið að greina þurfi refsivert gáleysi frá óhappi og svo lágu gáleysi að ekki sé hægt að refsa fyrir það. Hefur dómaframkvæmd þó sýnt að gáleysisábyrgðina megi teygja mjög langt niður áður en gáleysið verði talið svo lítið að það sé refsilaust.²⁹ Ekki kemur til refsíábyrgðar ef geranda var ekki mögulegt að komast hjá athöfn eða afleiðingu, sem dæmi ef ökumanni er ómögulegt að afstýra slysi.³⁰ Í *Hrd. 1978, bls. 1113* var verkstjóri í malbikunarflokki ákærður fyrir manndráp af gáleysi og umferðarlagabrot með akstri á vinnusvæði, án nægilegrar varfærni miðað við aðstæður. Niðurstaða Hæstaréttar var sú að 7 ára strákur, brotþoli, hafi borið óvænt að bifreiðinni og lenti hann undir hjóli hennar.

²⁶ Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíábyrgð II*, bls. 82.

²⁷ Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíábyrgð II*, bls. 82.

²⁸ Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíábyrgð II*, bls. 82.

²⁹ Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíábyrgð II*, bls. 131.

³⁰ Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíábyrgð II*, bls. 132-133.

Ökumaðurinn hafði ekki tök á að afstýra slysinu vegna þess að hann sá ekki strákinn fyrir aftan bifreiðina þar sem að aðrar vinnuvélar voru fyrir.³¹

Hér ber einnig að nefna fyrrnefndan *Hérd. Vestl. 27. mars 2008 (S-443/2007)* þar sem ákærði var sakfelldur fyrir manndráp af gáleysi og gert að greiða 150.000 krónur í sekt. Ákærði sá ekki mótörhjólíð sem hann ók í veg fyrir vegna erfiðra aðstæðna. Dómurinn var reifaður ítarlega hér áður og vísast þangað. Af refsingunni sem ákærða var gert og gáleysismati dómsins sést að hér er gáleysið metið á neðri mörkum 215. gr. hgl.

Í *Hérd. Vestl. 24. október 2011 (S-426/2010)* var ákærði sýknaður af manndrápi af gáleysi skv. 215. gr. hgl. Tók héraðsdómur eftirfarandi fram:

Ákærði hefur skýrt svo frá að hann hafi rétt náð að ljúka framúrakstrinum og víkja yfir á sinn vegarhelming til að forðast árekstur við sendibifreiðs sem kom úr gagnstæðri átt. Þetta er stutt vætti ökumanns sendibifreiðarinnar, Ástþórs Atla Helgasonar, en hann lýsti því að flutningabifreiðin hefði sigið fram úr jeppabifreiðinni og rétt náð að sveigja í átt að sínum vegarhelmingi en verið á miðju vegarins þegar bifreiðarinnar mættust. Að þessu gættu og þegar litið er til þess sem áður hefur verið rakið um hraða flutningabifreiðarinnar eftir að framúrakstur hófst, og síðan í þær 35 sekúndur sem liðu þar til hámarkshraða var náð, verður því ekki vísað á bug að á sama tíma hafi hraði jeppabifreiðarinnar verið aukinn. Ökulag með því móti fer í bága við 1. mgr. 21. gr. umferðarlaga en þar segir að ökumaður megi ekki auka hraðann þegar ekið er fram úr eða torvelda framúraksturinn á annan hátt. Samkvæmt þessu er ekki hafið yfir skynsamlegan vafa, sbr. 1. mgr. 109. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008, að rekja megi umferðarslysið til aksturs ákærða sem virtur verður honum til gáleysis. Sök ákærða er því ósönnuð og verður hann sýknaður af öllum kröfum ákæruvaldsins.

Einnig er áhugavert við þennan dóm hvernig héraðsdómur metur eigin sök ökumanns jeppabifreiðarinnar (hins látna). En líkt og kom fram þá jók ökumaður jeppabifreiðarinnar hraðann þegar hann sá að ákærði var að reyna að taka fram úr honum. Var talið sannað, með aðstoð ökurita sem var í bíl ákærða, að ákærði (og jeppabifreiðin) hafi verið á um það bil 65 km hraða á klukkustund áður en ákærði reyndi framúraksturinn en hraði ákærða hafi aukist um ca. 32 km/klst. Mat sérfræðingur dómsins að ákærði hefði með því móti átt að vera kominn langt fram úr jeppabifreiðinni en þar sem að svo var ekki, taldist sannað að ökumaður jeppabifreiðarinnar hafi einnig aukið hraðann.

3 Manndráp af gáleysi í umferðinni

Eins og tölfræðin sem vitnað var til í inngangsorðunum sýnir eru algengustu brotin gegn 215. gr. hgl. vegna manndráps af gáleysi í kjölfar umferðarslyss.³² Er það raunar svo að það heyrir

³¹ Sjá einnig sambærilegt mál, *Hrd. 1968, bls. 227*, þar sem sýknað var fyrir brot gegn 215. gr. hgl. en sakfelld fyrir umferðarlagabrot.

³² Ríkislögreglustjóri, tölfræði frá 3. mars 2016.

til undantekninga að ákært sé fyrir manndráp af gáleysi á öðrum sviðum. Þykir því rökrétt að veita hér manndrápi af gáleysi í umferðinni nánari athygli.

Þau mál sem hafa komið til kasta dómstóla og snúast um manndráp af gáleysi í umferðinni eru afar fjölbreytt, enda hvert og eitt metið heildstætt af aðstæðum við framkvæmd brotsins. Þessi mál virðast oft við fyrstu sín vera afar lík, en þegar farið er ofan í saumana á málunum koma ýmis atriði í ljós sem greina málin hvert frá öðru. Verða nú skoðaðir tveir dómur, annars vegar dómur þar sem ákærða keyrir óvart á stjúpdóttur sína, og hins vegar mál þar sem ákærða var undir verulegum áhrifum áfengis, og meðvituð um þá staðreynd, en sest samt sem áður undir stýri, ekur glannalega, sem endar með því að ákærða keyrir á bíl úr gagnstæðri átt með þeim afleiðingum að ökumaður hinnar bifreiðarinnar, ung stúlka, lést samstundis. Áhugavert er að skoða hve mikinn mun dómstólar landsins sjá á þessum málum. Hvernig er gáleysið skilgreint í málunum? Hver er refsingin? Má mismunurinn á refsingunni vera meiri?

Í *Hérd. Suðl. 20. mars 2013 (S-280/2012)* var ákært fyrir manndráp af gáleysi skv. 215. gr. hgl. með þeirri háttsemi að hafa ekið bifreið án nægilegrar aðgæslu með þeim afleiðingum að stjúpdóttir ákærðu, sem var í mikilli nálægð við bifreiðina, varð fyrir bifreiðinni, féll í jörðina og hlaut við það höfuðáverka sem leiddu til dauða hennar. Héraðsdómur fór ítarlega í allar staðreyndir og aðstæður á slysstað sem og hvernig ákærða hefði átt að haga sér við umræddar aðstæður. Tekur héraðsdómur eftirfarandi fram:

Eins og aðstæðum og atvikum var háttað bar ákærðu því að sýna sérstaka tillitsemi og varúð. Ekki er fallist á það með verjanda að merkjagjöf eða bendingar telpunnar til ákærðu um að telpan ætlaði að fara aftur fyrir bifreiðina hafi verið nægileg enda lýsti ákærða því fyrir dómi að í kjölfar þeirrar merkjagjafar hafi telpan tekið skref aðeins aftur á bak og staðið þar kyrr. Gerðu aðstæður allar og ungur aldur telpunnar því auknar kröfur til ákærðu um ítrustu varkárni sem og til þess að ákærða tryggði með fullnægjandi hætti að telpan væri ekki nálægt bifreiðinni þegar ákærða ók af stað.

Líkt og kom fram hér fyrir þá taldi héraðsdómur að ákærða hafði sýnt af sér gáleysi við umræddar aðstæður sem leiddu til slyssins. Við ákvörðun refsingar var litið til þess hve þungbærar afleiðingar slysið hafði á andlega líðan ákærðu og það að ákærða gengi til sérfræðings vegna atburðarins og þeirra sálrænu afleiðinga sem slysið hafði fyrir ákærðu. Var refsing ákveðin fangelsi í 30 daga en fullnustu refsingarinnar frestað og látin falla niður þremur árum eftir uppkvaðningu dómsins.

Í *Hérd. Vestl. 17. desember 2013 (S-189/2013)* var ákærðu gefið að sök að hafa ekið undir áhrifum áfengis án aðgæslu og of hratt, með þeim afleiðingum að hún lenti í árekstri við aðra bifreið er kom úr gagnstæðri átt, en ökumaður þeirrar bifreiðar lést samstundis. Ákærða játaði

strax brotið á sig. Dómur þessi er mjög stuttur þar sem um var að ræða játningarmál, en þó kemur eftirfarandi fram:

Ákærða sýndi af sér stórfellt og vítavert gáleysi með akstri sínum umrætt sinn og olli með honum dauða og verulegu eignatjóni. Við mat á refsingu ákærðu er óhjákvæmilegt að líta til þess að hún hóf akstur bifreiðar þrátt fyrir að hafa fundið til áfengis áhrifa eins og hún hefur viðurkennt. [...] Þá er til þess að líta að ákærða lýsti því sjálf í skýrslu sinni hjá lögreglu að eftir að dóttir hennar hafði neitað henni um að aka henni til Reykjavíkur tók hún lykla að bifreið sinni, PK769 og ók áleiðis til Reykjavíkur undir verulegum áfengisáhrifum. Ber það vott um styrkan og einbeittan vilja til þess að brjóta gegn ákvæði 3. mgr. 45. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Við ákvörðun refsingar var litið til þess að ákærða hefði ekki áður hlotið refsingu og játaði brot sitt strax. Var refsing ákveðin 12 mánaða fangelsi þar sem frestað var fullnustu níu mánaða af refsingunni og sá hluti látinn niður falla þrem árum frá dómskvaðningu. Var ákærða svipt ökurétti í fjögur ár frá birtingu dómsins.

Erfitt er að slá því á föstu í fyrri dómnum hvers eðlis gáleysið er, þ.e. hvort um sé að ræða einfalt eða stórfellt, meðvitað eða ómeðvitað og svo hvort að það sé í efri eða neðri mörkunum. Þá ályktun má draga við lestur dómsins að gáleysið teljist einfalt ómeðvitað gáleysi og sé einhvers staðar á milli efri og neðri markanna skv. 215. gr. hgl. Dreg ég þá ályktun þar sem að í fyrsta lagi þá nefnir dómurinn ekki að gáleysið hafi verið stórfellt líkt og virðist vera gert þegar þannig háttar sbr. umfjöllun hér áður um stórfellt gáleysi. Í öðru lagi tel ég að gáleysið hafi verið ómeðvitað, þar sem að ákærða hafði ekki grun eða hugboð um að stúlkan gæti dáið af háttsemi sinni og einnig það að dómurinn skírskotar til þess að ákærða hefði átt að tryggja að stúlkan væri ekki nálægt bifreiðinni (*bonus pater* mælikvarðinn). Í síðari dómnum er tekið fram að ákærða hafi sýnt af sér stórfellt og vítavert gáleysi. Einnig er dómurinn mun harðorðaðri en hinn fyrri gagnvart ákærðu og sést í orðalagi dómsins hve dómurinn virðist líta seinni dóminn alvarlegri augum.

Refsingin í fyrri dómnum var, líkt og kom fram, 30 daga fangelsi, en fullnustu refsingar frestað og látin niður falla að þremur árum liðnum sem og að ákærðu var gert að greiða einkaréttarkröfu. Refsing síðari dómsins var 12 mánaða fangelsisvist en fullnustu níu mánuða frestað og niður fallin að þrem árum liðnum. Einnig var ákærða svipt ökurétti í fjögur ár. Þegar refsingarnar eru bornar saman þá er mjög mikill munur á þeim og sá munur í samræmi við muninn á dómunum tveimur. Þegar síðara málið er skoðað eitt og sér þá gæti maður ályktað sem svo að refsingin mætti vera hærri, miðað við atvik og aðstæður í dómnum, en þegar málið er skoðað með hliðsjón af framkvæmdinni á dómum þar sem sakfelld er fyrir 215. gr. hgl. vegna umferðarslyss, þá verður að telja að refsingin er í fullu samræmi við aðra dóma.

Það er svo annað mál hvort að refsingarnar séu almennt of vægar eða strangar í þessum málaflokki og verður ekki farið út í athugun á því hér.

3.1 Manndráp af gáleysi í dönskum rétti

Sambærilegt ákvæði við 215. gr. hgl. er að finna í 25. kafla Straffeloven nr. 126 frá 1930 (hér eftir dönsku hgl.), nánar tiltekið í 241. gr. laganna. Í ákvæðinu er mælt fyrir um að hver sem verður valdur að dauða annars manns með gáleysi skal refsað með sektum eða fangelsi allt að 4 mánuðum, eða í sérstaklega grófum aðstæðum, með fangelsi allt að 8 árum. Sérstaklega grófar aðstæður eru þegar brotið er framið í tengslum við ölvunarakstur, sérstaklega kærulausan akstur eða tiltekin ákvæði umferðarlaga. Ákvæðið er ólíkt því íslenska að því leyti að það er mun ítarlegra og lengra en það íslenska. Einnig er athyglisvert að sjá heimildina í lok ákvæðisins sem gerir dómstólum kleift að gera skýrari mun á málum þar sem manndráp af gáleysi er valdið með ölvunarakstri. Í því sambandi er ákvæðið einnig mun þrengra en það íslenska, þ.e. í ákvæðinu eru gefin dæmi á atriðum sem heimila að veitt sé þyngri refsing fyrir. Vegna fyrrnefndar heimildar í danska ákvæðinu, varðandi manndráp af gáleysi sem valdið er með ölvunarakstri, er áhugavert að velta fyrir sér hvernig dæmt hefði verið í *Hérd. Vestl. 17. desember 2013 (S-189/2013)* sem fjallað var ítarlega um hér fyrr. Hvort að refsingin hefði verið svipuð þrátt fyrir þessa heimild, eða hvort að ákærða hefði hlotið strangari refsingu.

Í dómi Eystri Landsréttar í Danmörku *TfK 2014, bls. 615 E* var ákærði sakfelldur fyrir manndráp af gáleysi og akstur undir áhrifum fíkniefna. Var ákærði dæmdur í eins og hálfis árs fangelsi. Einnig var ákærða gert að greiða 22.000 dkr. í sekt sem og að ákærði var sviptur ökuréttindum í fimm ár.

Í dómi Vestri Landsréttar í Danmörku *TfK 2011, bls. 549 V* var ákærði sakfelldur fyrir manndráp af gáleysi og fyrir að hafa ekið bifhjóli sínu undir áhrifum áfengis umfram leyfilegan hámarkshraða. Var refsing ákærða fangelsi í eitt ár sem og svipting ökuréttar í fimm ár.

Þegar þessir tveir dómar eru skoðaðir, sést að líkur eru á að refsing í *Hérd. Vestl. 17. desember 2013 (S-189/2013)* yrði líklegast strangari. Þó verður að telja að munurinn á framkvæmdinni í Danmörku og hér á Íslandi sé ekki ýkja mikill, a.m.k. ekki miðað við skoðun á þessum tveimur dómum.

Danskir fræðimenn hafa nefnt að munurinn milli morðs og manndráps af gáleysi sé hinn huglægi ásetningur.³³ Líkt og íslenska ákvæðið, þá hefur verið talið að eftir orðalagi 241. gr.

³³ Knud Waaben: *Strafferettens specielle del*, bls. 13.

dönsku hegningarlaganna sé ákvæðið ekki takmarkað við stórfellt gáleysi heldur nægir einfalt gáleysi.³⁴

3.2 Manndráp af gáleysi í norskum rétti

Ný hegningarlög frá árinu 2005 tóku gildi í Noregi haustið 2015. Ákvæði Noregs um manndráp af gáleysi var áður í 239. gr. Straffeloven nr. 10/1902 (hér eftir gömlu norsku refsilögin). Mælti það ákvæði fyrir um að hver sá sem af gáleysi verður valdur að dauða annars, með vopni, vélknúnu ökutæki eða á annan hátt, skal refsað með fangelsi allt að þremur árum, eða í sérstaklega grófum tilvikum allt að sex árum. Einnig er mælt fyrir um að í sérstaklega vægum málum megi beita sektum. Í Lov om straff nr. 28/2005 (hér eftir nýju norsku refsilögin) er ákvæðið að finna í 281. gr. laganna. Mælir fyrir nefnt ákvæði fyrir um að hver sem með gáleysi veldur dauða annars manns skal sæta fangelsi allt að sex árum.

Fjallað er um breytinguna og feril breytingarinnar í greinargerð útgefnu af Hinu konunglega dóms- og lögregluráðuneyti.³⁵ Verður nú farið yfir hluta af þeim breytingum sem urðu á lögnum.

Tekið var til umfjöllunar að í 239. gr. gömlu norsku refsilaganna var, í kröfunni á bakvið hugtakið „að valda“, engin takmörkun sett á hvernig brotið væri framkvæmt en þó sett krafa um orsakasamhengi á milli atburðarins og dauða fórnarlambins.³⁶ Eftir orðalagi ákvæðisins má ráða að einfalt gáleysi hefur verið talið nóg. Er síðan nefnt að síðustu 20 ár hefur verið stöðug spurning um hversu strangt sakarmatið skuli vera.³⁷ Hæstiréttur Noregs hefur í dómum sínum talið að sakarmatið sé það sama í 3. gr. vegtrafikkloven nr. 6/1965 (hér eftir norsku umferðarlögin) og í 239. gr. gömlu norsku refsilaganna.³⁸ Í greinargerðinni er næst farið í gegnum samskipti saksóknara og dómismálaráðuneytisins vegna gagnrýnisskrifa ráðuneytisins um sakarmatið. Er það markmið nefndarinnar að ákvæðið sem komi í staðinn svipi mjög til 239. gr. gömlu norsku refsilaganna en án mismunandi refsivalmöguleika. Gerir nefndin hins vegar ráð fyrir að skyldukröfunni verði breytt í stórfellt gáleysi.³⁹ Sem rök fyrir þeirri breytingu er nefnt að krafa refsiréttarins sé fyrirsjáanleiki og ætti því að vera sérstök ástæða

³⁴ Knud Waaben: *Strafferettens specielle del*, bls. 14.

³⁵ *Om lov om endringer i straffeloven 20. mai. 2005 nr. 28 (sidste delproposisjon – slutføring av spesiell del og tilpasning av annen lovgivning)*.

³⁶ *Om lov om endringer i straffeloven 20. mai. 2005 nr. 28 (sidste delproposisjon – slutføring av spesiell del og tilpasning av annen lovgivning)*, bls. 190.

³⁷ *Om lov om endringer i straffeloven 20. mai. 2005 nr. 28 (sidste delproposisjon – slutføring av spesiell del og tilpasning av annen lovgivning)*, bls. 191.

³⁸ *Om lov om endringer i straffeloven 20. mai. 2005 nr. 28 (sidste delproposisjon – slutføring av spesiell del og tilpasning av annen lovgivning)*, bls. 191.

³⁹ *Om lov om endringer i straffeloven 20. mai. 2005 nr. 28 (sidste delproposisjon – slutføring av spesiell del og tilpasning av annen lovgivning)*, bls. 194.

fyrir því að setja fólk í fangelsi, þar af leiðandi, þar sem á annað borð er hægt að refsa fyrir manndráp af gáleysi, þá ætti að vera krafa um að gáleysið sé stórfellt.⁴⁰ Tekur nefndin síðan dæmi um umferðaróhöpp þar sem refsað er fyrir manndráp af gáleysi og hve alvarlegar afleiðingar slík refsing hefur. Kemst nefndin næst að þeirri niðurstöðu að taka út úr ákvæðinu setninguna þar sem mælt er fyrir um hvernig framkvæmd brotsins var háttáð, þ.e. með vopni, ökutæki eða á annan hátt. Ráðuneytið tók til greina tillögu nefndarinnar um að hækka stig gáleysisins en fann þó ekki ástæðu til að fylgja tillögunni eftir. Er komist að þeirri niðurstöðu að meta þurfi hvert mál fyrir sig. Mál þar sem foreldri bakkar óvart yfir barn sitt sé mun viðkvæmara og allt öðru vísi en tilfelli þar sem einhver ekur undir áhrifum og verður þannig valdur að dauða annars.⁴¹

Eins og sést við skoðun á norsku ákvæðunum þá virðist vera sem löggjafinn sé að færa sig úr því að vera með mjög ítarlegt ákvæði í það að vera með opnara ákvæði. Þar sem tiltölulega stutt er síðan nýju refsilögin tóku gildi, og þar af leiðandi ekki komin mikil reynsla á dómaframkvæmd af nýja ákvæðinu, þá verða hér teknir til skoðunar dómur úr tíð eldri refsilaganna.

Talið hefur verið að orsakasamhengi þurfi að vera á milli gáleysisatviksins og dauðsfallsins. Líkt og komið hefur fram virðist gáleysiskrafan liggja á milli þess að vera einfalt gáleysi og stórfellt gáleysi, ekki gerir ákvæðið kröfu um stórfellt gáleysi. Norskir fræðimenn telja að staðalrefsingin fyrir manndráp af gáleysi í umferðinni, án þess að ekið sé undir áhrifum, sé 1 árs fangelsi. Í því samhengi virðist aldur ökumanns ekki hafa mikil áhrif þar sem að ályktað hefur verið sem svo að sé manneskja komin með ökuskírteini sé hún nógu þroskuð til að gera sér grein fyrir hættunni sem leiðir af ógætilegum akstri.⁴²

Í *Rt. 1995, bls. 952* var 22 ára karlmaður dæmdur í 8 mánaða óskilorðsbundið fangelsi fyrir brot gegn 239. gr. gömlu norsku refsilaganna og norsku umferðarlögunum með því að hafa ekið á a.m.k. 99 km/klst á svæði þar sem hámarkshraði var 80 km/klst. Missti hann stjórn á bílnum, fór yfir á annan vegarhelming og keyrði á fótgangandi með þeim afleiðingum að fórnarlambið lést samstundis. Taldi dómurinn að ákærði hafði sýnt af sér stórfellt, meðvitað gáleysi í umrætt sinn. Ákærði hafi verið kunnur staðháttum og keyrt umrædda götu oft.

Í *Rt. 1991, bls. 511* var 17 ára ökumaður, sem hafði áður fengið sekt, dæmdur í óskilorðsbundið fangelsi í eitt og hálf ár fyrir brot gegn 239. gr. gömlu norsku refsilaganna

⁴⁰ *Om lov om endringer i straffeloven 20. mai. 2005 nr. 28 (sidste delproposisjon – slutføring av spesiell del og tilpasning av annen lovgivning)*, bls. 194.

⁴¹ *Om lov om endringer i straffeloven 20. mai. 2005 nr. 28 (sidste delproposisjon – slutføring av spesiell del og tilpasning av annen lovgivning)*, bls. 197.

⁴² Finn Haugen: *Straffet håndbok*, bls. 220.

með því að hafa ekið undir áhrifum áfengis og, með kærulausum og tillitslausum akstri, verið valdur að dauða tveggja sem og að þriðji maður hafi slasast verulega. Dómurinn benti á að ökumaðurinn væri mjög ungur með litla akstursreynslu, undir áhrifum áfengis og á gífurlegum hraða á þjóðvegi og skyldi sakarmat vera strangt. Dómurinn nefnir ekki sérstaklega gáleysi ökumannsins, en við lestur dómsins sést að dómurinn telur að um stórfellt gáleysi ökumannsins hafi verið að ræða og væri það svo mikið, að ungur aldur ökumannsins yrði ekki metinn til lækkunar refsingar.

Í *Rt. 1992, bls. 810* var 20 ára ökumaður dæmdur í tveggja ára fangelsi fyrir brot gegn 239. gr. gömlu norsku refsilaganna. Var ákærði drukkin og í kappakstri við annan bíl á 120 km hraða á klukkustund í götu með leyfilegan hámarkshraða 50 km/klst. Einn farþeganna í bíl ákærða lést og þrír aðrir farþegar hans særðust alvarlega er ákærði missti stjórn á bílnum og keyrði útaf. Ökumaður hins bílsins var einnig ákærður fyrir brot gegn 239. gr. gömlu norsku refsilaganna og hlaut 9 mánaða, óskilorðsbundið fangelsi. Taldi dómurinn að báðir ákærðu hefðu gerst sekir um stórfellt, meðvitað gáleysi.

4 Niðurstöður

Hér hefur verið reynt að varpa ljósi á hvað felst í gáleysishugtaki 215. gr. hgl. Við skoðun orðabókaskilgreiningarinnar á hugtakinu virtist vera ljóst hvað fælist í því að vera gálaus. Við frekari eftirgrennslan kemur í ljós að lagalega merkingin að baki hugtakinu gáleysi er dýpri. Við mat á því hvort ákærð manneskja hafi sýnt af sér gáleysi í skilningi 215. gr. hgl. er ekki nóg að fletta upp hugtakinu í orðabók og sjá hvort atvik falli þar undir. Í íslenskum rétti er við mat á gáleysi, notaður svokallaður *bonus pater* mælikvarði. Í mælikvarðanum felst það að borinn er saman háttsemi ákærða við það hvernig gegn og skynsamur maður hefði hegðað sér. Því til skýringar var nefndur *Hérd. Suðl. 20. mars 2013 (S-280/2012)* þar sem héraðsdómur beitti *bonus pater* mælikvarðanum með því að taka fram hvernig háttsemi ákærðu hafi verið og bar saman við hvernig ákærða hefði við umræddar aðstæður átt að haga sér. Einnig var skoðuð skilgreining Jónatans Þórmundssonar úr bókinni *Afbrot og refsiaþbyrgð II*.

Næst var farið í að skoða flokkun gáleysis eins og Jónatan Þórmundsson hefur sett hana fram. Í fyrsta lagi hefur gáleysi verið flokkað í vitundarmælikvarða, sem skiptist niður í meðvitað og ómeðvitað gáleysi.⁴³ Í öðru lagi er flokkað eftir stigskiptingu gáleysis, annars vegar í einfalt gáleysi og hins vegar í stórfellt gáleysi. Komist var að þeirri niðurstöðu að

⁴³ Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsiaþbyrgð II*, bls. 126.

stigskipting gáleysis hefur einungis þýðingu við ákvörðun refsingar í dómum er varða 215. gr. hgl.⁴⁴

Voru því næst skoðuð mörk gáleysis, þ.e. hver mörkin á milli lægsta stig ásetnings og hæsta stigs gáleysis eru, og að sama skapi hver mörkin á milli gáleysis og óhappatilviks eru. Var komist að þeirri niðurstöðu eftir skoðun réttarframkvæmdar að mörkin eru ekki skýr. Línan er frekar óljós og fer það eftir mati á heildaraðstæðum hverju sinni hvar gáleysi er metið innan ramma 215. gr. hgl. og hvar því sleppir.

Lang flest mál þar sem ákært er fyrir brot gegn 215. gr. hgl. eru vegna andláts í umferðinni.⁴⁵ Af þeim sökum var ekki komist hjá því að skoða þann málaflokk sérstaklega. Eins mörg og málin eru þá er hvert og eitt mál sérstakt. Ekki er hægt að haka við í ákveðin box og finna þannig út hver refsing skal vera. Hvert mál er metið heildstætt eftir atvikum þess. Þrátt fyrir fjölbreytileikann þá virðist, miðað við athugun mína, sem dómstólar landsins séu samkvæmir sjálfum sér í þessum málaflokki. Einnig var dönskum og norskum rétti gefinn gaumur, enda er réttarumhverfi nágrannalanda okkar það sem er líkast okkar. Við athugun á sambærilegum ákvæðum 215. gr. hgl. í fyrrgreindum löndum, sem og skoðun dóma þar sem sakfelld var fyrir manndráp af gáleysi í kjölfar umferðarslyss, var komist að þeirri niðurstöðu að framkvæmd, bæði hvað varðar refsingu fyrir 215. gr. hgl. sem og gáleysismatið, er í takt við það sem á sér stað í nágrannalöndunum. Þó virðist sem svo að bæði Danmörk og Noregur leggi þyngri refsingar en gert er hér á Íslandi, þegar ákærði hefur undir áhrifum áfengis með akstri sínum verið valdur að dauða annarrar manneskju.

Heildarniðurstaðan var því sú að ekki er hægt að gefa hreina og beina skilgreiningu á því hvað nákvæmlega felst í hugtakinu gáleysi í skilningi 215. gr. hgl. Skilgreining Jónatans Þórmundssonar á gáleysi er ítarleg og góð en í tilviki 215. gr. hgl., þar sem miklir hagsmunir eru í húfi, þarf að fara fram heildarmat á aðstæðum hverju sinni, bæði huglægum og hlutlægum. Af athugun virðist sem dómstólar meti gáleysi í skilningi 215. gr. hgl. fyrst og fremst með því að styðjast við *bonus pater* mælikvarðann.

⁴⁴ Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð II*, bls. 127.

⁴⁵ Ríkislögreglustjóri, tölfræði frá 3. mars 2016.

HEIMILDASKRÁ

Alþingistiðindi.

Finn Haugen: *Strafferett håndbok*. Oslo 1996.

Johs. Andenæs: *Alminnelig strafferett*. 3. útgáfa. Oslo 1989.

Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð II*. Reykjavík 2002.

Jónatan Þórmundsson: „Íslenskur umferðarrefsiréttur”. *Úlfjótur*, 2. tbl. 1965, bls. 69-86.

Íslensk orðabók. 7. prentun. Ritstj. Árni Böðvarsson. Reykjavík 1980.

Knud Waaben: *Strafferettens specielle del*. 4. útgáfa. Vojens 1994.

Om lov om endringer i straffeloven 20. mai. 2005 nr. 28 (sidste delproposisjon – slutføring av spesiell del og tilpasning av annen lovgivning). Det kongelige justis- og politidepartment, Oslo 2008.

Rannsóknir og þróun – Afbrotatölfræði. Ríkislögreglustjórinn, Reykjavík 2016.

Stóra íslenska orðabókin um málnotkun. Ritstj. Jón Hilmar. Reykjavík 2005.

DÓMASKRÁ

Dómar Hæstaréttar:

Hrd. 1973, bls. 912

Hrd. 1978, bls. 1113

Hrd. 3. apríl 2003 (168/2002)

Hrd. 5. júní 2008 (522/2007)

Hrd. 20. febrúar 2014 (625/2013)

Dómar Héraðsdóms:

Hérd. Vestl. 27. mars 2008 (S-443/2007)

Hérd. Suðl. 20. mars 2013 (S-280/2012)

Hérd. Vestl. 17. desember 2013 (S-189/2013)

Hérd. Rvk. 9. desember 2015 (S-514/2014)

Dómar Hæstaréttar Noregs:

Rt. 1991, bls. 511

Rt. 1992, bls. 810

Rt. 1995, bls. 952

Dómar Hæstaréttar Danmerkur:

UfR 1918, bls. 946 H

Dómar Eystri Landsréttar í Danmörku:

TfK 2014, bls. 615 E

Dómar Vestri Landsréttar í Danmörku:

TfK 2011, bls. 549 V